Nóvember 2026

Hvatarblaðið

Fundargerðir

Sveitarstjórn 623. fundur

Sveitarstjórn 622. fundur



Líf og fjör í Gömlu Borg:

Söguleg frumsýning við frábærar undirtektir



Leiklistin sneri aftur í Gömlu Borg í Grímsnesi í gærkvöldi þegar leikritið Afsakið hlé! eftir Árna Ibsen var frumsýnt við frábærar undirtektir. Sýningin markar ákveðin tímamót, en þetta er fyrsti opinberi viðburðurinn í húsinu síðan Grímsnes- og Grafningshreppur keypti húsið fyrr á þessu ári.

Það var virkilega gaman að sjá þetta sögufræga hús fá nýtt líf og fyllast af gestum á ný. Leikfélagið Borg flutti þennan grafalvarlega gjaldþrotafarsa undir leikstjórn Lilju Nætur Þórarinsdóttur og var hlegið hátt og snjallt í salnum. Með sýningunni er rofið tæplega 60 ára hlé á leikstarfsemi í húsinu, en Gamla Borg var helsta samkomuhús sveitarinnar á árum áður.

Stemningin í gærkvöldi gefur góð fyrirheit um framtíð Gömlu Borgar sem lifandi menningarhúss. Það er ánægjulegt að sjá húsið á ný verða vettvang samveru og menningarlífs í sveitarfélaginu.

Sýningar verða á næstu dögum og eru öll hvött til að láta þessa einstöku upplifun ekki fram hjá sér fara.

Afsakið Hlé! Tix miðasala



AFSAKIÐ HLÉ!





Grímsnes- og Grafningshreppur hlýtur annað sæti í útnefningu Sveitarfélag ársins 2026



Frá vinstri, Fjóla St. Kristinsdóttir, sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps, Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps og Sylvía Heimisdóttir, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Grímsnes- og Grafningshreppur hlaut í dag annað sæti í útnefningu Sveitarfélags ársins 2026 og er þetta annað árið í röð sem sveitarfélagið nær þeim glæsilega árangri.
Sveitarfélag ársins er árleg viðurkenning sem byggir á starfsánægju og starfsumhverfi starfsfólks sveitarfélaga. Gallup framkvæmir könnunina og Mannauðssjóðurinn Hekla kemur að verkefninu. Í könnuninni eru meðal annars skoðaðir þættir á borð við stjórnun sveitarfélagsins, samskipti og starfsanda, aðstæður og aðbúnað starfsfólks, líðan í starfi og mat starfsfólks á starfskjörum sínum.
Grímsnes- og Grafningshreppur hefur ítrekað verið meðal þeirra sveitarfélaga sem ná bestum árangri í könnuninni undanfarin ár. Sveitarfélagið varð Sveitarfélag ársins árið 2022 og 2023, lenti í öðru sæti árið 2025 og endurtekur nú þann árangur árið 2026.
„Við erum ótrúlega stolt af þessum árangri og fyrst og fremst af starfsfólkinu okkar. Að ná öðru sæti annað árið í röð sýnir að góður árangur verður ekki til fyrir tilviljun heldur byggist hann á fólkinu, starfsandanum og þeirri vinnu sem lögð er í að skapa góðan vinnustað," segir Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps.
„Við höfum gengið í gegnum töluverðar breytingar og uppbyggingu á undanförnum misserum og þess vegna er sérstaklega ánægjulegt að sjá að starfsfólkið upplifir sveitarfélagið áfram sem góðan vinnustað. Þessi viðurkenning er jafnframt hvatning til okkar um að halda áfram að hlúa að mannauðnum okkar og gera enn betur."
Hrunamannahreppur hlaut fyrsta sætið að þessu sinni og sendir Grímsnes- og Grafningshreppur nágrönnum sínum innilegar hamingjuóskir með glæsilegan árangur.
Það er jafnframt sérstaklega ánægjulegt að sjá að sveitarfélög í Uppsveitum Árnessýslu eru áfram áberandi meðal þeirra sveitarfélaga sem skara fram úr þegar kemur að starfsumhverfi og mannauðsmálum en þess má geta að Skeiða- og Gnúpverjahreppur hreppti fjórða sætið.

Til hamingju starfsfólk Grímsnes- og Grafningshrepps – þessi viðurkenning er ykkar.

Grímsnes- og Grafningshreppur hlýtur viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar 2026



þann 14.10 2026 tók Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps, á móti viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar 2026 fyrir hönd sveitarfélagsins.
Jafnvægisvogin er hreyfiaflsverkefni á vegum FKA – Félags kvenna í atvinnulífinu, sem hefur það að markmiði að stuðla að jafnari kynjahlutföllum í efstu stjórnunarstöðum. Viðurkenningin er veitt þeim fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum sem hafa náð að minnsta kosti 40% hlutfalli af hvoru kyni meðal æðstu stjórnenda.

Við hjá Grímsnes- og Grafningshreppi leggjum áherslu á að skapa vinnustað þar sem fólk hefur jöfn tækifæri til að vaxa, leiða og hafa áhrif. Fjölbreytni í stjórnendahópi stuðlar að fjölbreyttari sjónarmiðum, betri ákvarðanatöku og sterkari vinnustaðamenningu.

Við erum stolt af þessari viðurkenningu og lítum á hana sem hvatningu til að halda áfram að vinna markvisst að jafnrétti og fjölbreytni innan sveitarfélagsins.

HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Inflúensubólusetning Uppsveitir

Fyrir **forgangshópa** í Uppsveitum

Tímabókanir í síma 432-2770

- **Börn 6 mán til 2 ára fá influvac stungulyf**
- **Börn 2 ára og upp að 5 ára aldri geta fengðið Fluenz nefúða en mega líka fá influvac sé þess óskað**
- **Börn yngri en 6 mán fá ekki bólusetningu**
- **Allir 18 ára og eldri fá influvac stungulyf**
- **Börn 5 ára til 17 ára geta fengið Fluenz nefúða ef þau eru í neðangreindum undanþáguhópum**

FORGANGSHÓPAR ERU

- Allir einstaklingar 60 ára og eldri.
- Öll börn 6 mánaða og upp að 5 ára aldri þegar bólusett er.
- Öll börn og fullorðnir sem þjást af langvinnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, offitu, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum.
- Barnshafandi konur.
- Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í áhættuhópum sem taldir eru upp hér að ofan.
- Fólk í starfstengdri áhættu vegna samsmits árlegrar inflúensu og fuglainflúensu eins og það var skilgreint í í frétt frá Embætti Landlæknis frá árinu 2023

Frá og með 16. nóvember geta aðrir pantað tíma í flensusprautu

Reikningar vegna fjallskila

Fjallskilanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps vill minna bændur og aðra sem sinntu fjallskilum á að senda inn reikninga með sundurliðun vegna unninna fjallskila til skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps í síðasta lagi 30. nóvember 2026, svo uppgjör geti farið fram fyrir árslok. Hér að neðan má finna staðlað fylgiskjal til þess að fylla út og senda með reikningi. Einungis þarf að fylla inn magntölur í skjalið.

Fylgiskjal með reikningum

Einnig má nálgast skjalið sem pdf til útprentunar hér.



Rafrænir reikningar



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Frá 1. janúar 2027 tekur Grímsnes- og Grafningshreppur ekki á móti reikningum nema þeir séu rafrænir.
Sveitarfélagið Grímsnes- og Grafningshreppur leggur áherslu á pappírslaus viðskipti þess vegna óskum við eftir rafrænum reikningum vegna kaupa á vöru og þjónustu.
Hér geta notendur, sem ekki senda rafræna reikninga beint úr sölukerfi sínu, sent reikning á rafrænu formi til Grímsnes- og Grafningshrepps og Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps.
Þar sem ríkisskattstjóri viðurkennir ekki pdf sem frumrit viljum við framvegis ekki fá reikninga senda í tölvupósti.



KERHÓLSSKÓLI

Grænfánastarfið í Kerhólsskóla – átthagar, umhverfisvitund og samfélag



Grænfánastarfið í Kerhólsskóla er komið af stað af fullum krafti þetta skólaárið. Grænfánanefnd skólans hefur haldið sinn fyrsta fund og fram undan er spennandi og fjölbreytt starf þar sem áhersla verður lögð á umhverfisvitund, hreyfingu og samstarf við nærsamfélagið.

Átthagar í brennidepli

Þema Grænfánastarfsins í vetur er Átthagar. Í því felast fjölbreytt tækifæri fyrir nemendur til að kynnast betur umhverfi sínu, náttúru, sögu og samfélagi. Markmiðið er að efla tengsl nemenda við nærumhverfið, auka umhverfisvitund þeirra og hvetja þá til að taka virkan þátt í að vernda og bæta umhverfið sitt.
Þemað verður fléttað inn í skólastarfið með fjölbreyttum verkefnum og kennsluháttum þar sem nemendur fá tækifæri til að læra með því að rannsaka, upplifa og skapa.

Ungt umhverfisfréttafólk

Kerhólsskóli hefur einnig skráð sig til þátttöku í verkefninu Umhverfisfréttafólk, þar sem nemendur í 7.–10. bekk munu taka þátt.
Verkefnið gefur nemendum tækifæri til að skoða umhverfismál frá ólíkum sjónarhornum, afla upplýsinga og miðla þeim áfram með skapandi hætti. Þannig fá nemendur að láta rödd sína heyrast og vekja athygli á málefnum sem skipta þá og samfélagið máli.

Frh...

KERHÓLSSKÓLI

Hreyfing og útivist í nærumhverfinu

Kerhólsskóli er Heilsueflandi skóli og því er lögð áhersla á að tengja hreyfingu, útivist og vellíðan við Grænfánastarfið.
Á fyrsta fundi nefndarinnar voru nemendur hvattir til að koma með hugmyndir að skemmtilegri hreyfingu og útivist. Þar komu meðal annars fram spennandi tillögur um kajakferðir í nálægð við okkur.
Það er sérstaklega ánægjulegt að sjá nemendur taka virkan þátt í hugmyndavinnunni og koma með tillögur sem tengja saman hreyfingu, náttúru og skemmtilega upplifun.

Nærsamfélagið með í för

Eitt af markmiðum vetrarins er að efla samstarf skólans við nærsamfélagið. Fjölmörg tækifæri eru til staðar og meðal hugmynda sem hafa komið fram eru sameiginlegir göngutúrar með eldri borgurum, plokkverkefni með sjálfboðaliðum og ýmis önnur verkefni sem stuðla að samveru, umhverfisvernd og aukinni samfélagsvitund.
Með slíku samstarfi viljum við styrkja tengsl milli kynslóða, efla samkennd og sýna nemendum hversu miklu við getum áorkað þegar við vinnum saman.

Saman gerum við gott skólastarf enn betra

Við hlökkum til að sjá hugmyndir nemenda og starfsfólks verða að veruleika á komandi mánuðum. Grænfánastarfið er sameiginlegt verkefni alls skólasamfélagsins og við hvetjum nemendur, foreldra, starfsfólk og íbúa nærsamfélagsins til að taka þátt og koma með hugmyndir.

Með samvinnu, sköpunargleði og virðingu fyrir náttúrunni höldum við áfram að byggja upp öflugt skólasamfélag þar sem umhverfisvitund, heilsa og vellíðan eru í fyrirrúmi. 🌿

Björgunarmiðstöðin á Borg rís



Burðarvirki nýrrar björgunarmiðstöðvar á Borg var reist föstudaginn 23. október, tæpum mánuði eftir að gólfplatan var steypt. Límtrésgrindin er komin upp og nú sést vel hvernig húsið við Þinggerði 1 mun líta út.

Næstu skref
Nú er unnið að frágangi burðarvirkisins áður en húsið verður klætt. Veggir og þak verða klædd stálklæddum steinullareiningum og milligólfið er einnig úr límtré. HR smíði annast framkvæmdina og burðarvirkið kemur frá Límtré Vírneti.
Björgunarmiðstöðin verður í sama stíl og aðrar stöðvar á Suðurlandi: dökkgrá klæðning með rauðum akstursdyrum, gönguhurðum og gluggum. Í mæni þaksins verða tveir bogadregnir þakgluggar sem hleypa birtu inn í bílasalina.

Tvö hús á lóðinni
Auk aðalbyggingarinnar rís lítið stakstætt hús fyrir sameiginlegt tæknirými. Þar verða inntök veitna, rafmagnstafla og vararafstöð, svo starfsemin geti haldið áfram ef rafmagn fer af. Þar verður einnig loftpressa sem þjónar bæði Hjálparsveitinni Tintron og Brunavörnum Árnessýslu.

Öflug aðstaða fyrir viðbragðsaðila
Björgunarmiðstöðin verður rúmlega 1.100 fermetrar. Hún er sameiginlegt verkefni Grímsnes- og Grafningshrepps, Brunavarna Árnessýslu og Hjálparsveitarinnar Tintron, sem standa saman að byggingunni. Húsið skiptist í tvo hluta, hvorn með sínum bílasal og aðstöðu á tveimur hæðum.

Í hluta Brunavarna Árnessýslu verða búningsklefar með sturtum á neðri hæð, og eldhúskrókur og fundarsalur á efri hæð. Í hluta Tintron verða setustofa, búningsklefar og búnaðarrými á neðri hæð. Á efri hæð verður rými fyrir fundi og aðgerðastjórnun viðbragðsaðila, auk aðstöðu fyrir unglingastarf sveitarinnar.

Með miðstöðinni rís í fyrsta sinn slökkvistöð á Borg, sem styttir viðbragðstíma og eykur öryggi íbúa, sumarhúsaeigenda og ferðamanna á svæðinu.

HR smíði skilar húsinu fokheldu, og áætlað er að því verki ljúki í desember 2026. Við höldum áfram að segja frá framkvæmdinni eftir því sem verkinu miðar.

GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

VILTU LEIGJA BORÐ HJÁ OKKUR?

Ef þú ert að vinna hjá byggðasamlögum Grímsnes- og Grafningshrepp stendur þér til boða að bóka þér vinnuaðstöðu.
Sendið póst á linda@gogg.is til að bóka borð.

Wi-Fi

Fundarherbergi

24/7

Kaffiaðstaða



Matseðill nóvember 2026

Dags.	Mánudagur.	Þriðjudagur.	Miðvikudagur.	Fimmtudagur.	Föstudagur.
2. – 6. nóv.	2. nóv. Hakk og spaghettí, kartöflumús.	3. nóv. Fiskur í raspi, kartöflur, kokteilsósa.	4. nóv. Lambalæri, kartöflur, baunir, rauðkál, Bearnais/brún sósa.	5. nóv. Fiskibuff, hrísgrjón, karrýsósa.	6. nóv. Makkarónugrautur, brauð og álegg.
9. – 13. nóv.	9. nóv. Íslensk kjötsúpa, kartöflur, rófur.	10. nóv. Krispý karfi, kartöflur, tzatziki sósa.	11. nóv. Kjúklingapottréttur, hrísgrjón.	12. nóv. Plokkfiskur, soðin egg, rúgbrauð, smjör.	13. nóv. Grjónagrautur, slátur, brauð, álegg.
16. – 20. nóv.	16. nóv. Ítalskalskar kjötbollur, pasta, tómatseruð sósa.	17. nóv. Ýsa í Orly, hrísgrjón, paprikusósa.	18. nóv. Snitsel, kryddaðar kartöflur, maís, rjómasósa.	19. nóv. Steiktur steinbítur, kartöflur, piparsósa.	20. nóv. Mötuneyti lokað
23. – 27. nóv.	23. nóv. Slátur, kartöflur, rófur, uppstúf.	24. nóv. Fiskibollur, kartöflur, karrýsósa.	25. nóv. Pizza.	26. nóv. Pasta með rækjum í hvítlauksrjómasósu, hvítlauksbrauð.	27. nóv. Skyr, brauð, álegg.
30. nóv.	30. nóv. Kindabjúgu, kartöflur, uppstúf, grænar og rauðkál.				*Matseðill gæti breyst suma daga vegna t.d. (aðföng, dagskrá skóla ofl.)*

VDM

Veiga Dögg Magnúsdóttir

Tek að mér einkaþjálfun á Borg í Grímsnesi

Veigadogg@gmail.com

Einkaþjálfari frá World class • M.T sem Kennari





HREYSTI

STYRKUR • ÞOL • HREYFIGETA

Markvissar æfingar • Góð stemning • Fyrir öll getustig

ÞRIÐJUDAGAR & FIMMTUDAGAR

Hópur 1 · 16:30–17:20 | Hópur 2 · 17:30–18:20
Hefst 1. september · Takmörkuð pláss í boði

VERÐ
1 mánuður · 19.900 kr. | 3 mánuðir · **54.900 k**r.
September–nóvember

ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN BORG · GRÍMSNESI

SKRÁNING & UPPLÝSINGAR
sigrunontrack@gmail.com

ÞJÁLFARAR

Sigrún Arna Brynjarsdóttir
Íþrótta- og heilsufræðingur
CrossFit L2 • Functional Fitness • WL101

Veiga Dögg Magnúsdóttir
Einkaþjálfari hjá WC • Kennari M.Ed.

BÓKASAFN/LIBRARY

GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPS

Opnunartímar í nóvember /opening hours in November:

Mánud./Mondays	kl. 15:30-17:00
Miðvikud./Wednesdays	kl. 15:30-17:00

Kvöldopnun / evening hours:

Handverkskvöld	10. nóv. kl. 19:30-21:30
Opið hús 60 +	24. nóv. kl. 19:30-21:30

Öll velkomin.

GRÆNA KANNAN - KAFFIHÚS
VERSLUNIN VALA

Opnunartími í
Grænu könnunni & Völu
alla daga 11:00 til 16:00

MÖTUNEYTIÐ ER OPIÐ ALLA VIRKA DAGA 11:30 TIL 13:00

VEFVERSLUN



SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

JP verk
Jarðvinnuverktaki

Við komum því í verk!

JP VERK 2022

TÖKUM AÐ OKKUR
ALLT FRÁ UPPHAFI TIL LOKA!

Tökum að okkur allt frá upphafi framkvæmda og að síðasta frágangi umhverfis hús og lóðarvinnu.

Ekki láta snjóinn stöðva þig!



- VEGIR OG PLÖN
- HÚSGRUNNAR
- FYLLINGAR Í PÚÐA OG SÖKKLA
- SNJÓMOKSTUR

848-1123 | johannes@jthverk.is

Hafðu samband – við hjálpum þér!

Öndun og slökun í Íþróttamiðstöðinni á Borg

Breathwork and Relaxation at the Borg Sports Centre

Sómatískar aðferðir til að minnka stress og streitu í daglegu lífi

Somatic methods to reduce stress in everyday life

TÍMI: Alla sunnudaga klukkan 20:00

TIME: every Sunday at 20:00

STAÐSETNING: Yogarými í íþróttasal, Borg.

LOCATION: Yoga room in the gym, Borg.

LEIÐBEINANDI: Aron Backman

FACILITATOR: Aron Backman

Frjáls framlög

Voluntary donations



Grímsnes- og Grafningshreppur

Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	10-16	Lokað

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladag – Annan í jólum og Gamlársdag.

OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS ALLAN SÓLARHRINGINN

.....

RITSTJÓRI HVATARBLAÐSINS
LINDA SVERRISDÓTTIR

ÁBYRGÐARMAÐUR
ÞORLEIF HOFFMANN GUNNARSDÓTTIR

Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á netföngin: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is

https://www.gogg.is/

ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN BORG

Nú er hægt að kaupa mismunandi áskriftaleiðir í Íþróttamiðstöðina okkar

Sjá hér

Hvetjum alla til að prófa þessa frábæru aðstöðu.
Tökum vel á móti öllum

Vetraropnun frá og með 17. ágúst








BESTA AÐSTAÐAN

SUND FYRIR ALLA

HREYFING OG HEILSA

SLÖKUN OG VELLÍÐAN

MÆTING ER BÆTING :)